



Fundur bygginganefndar Fljótsdalshrepps, haldinn þann 2. júní 2009 í Végarði.

Mættir á fundinn eru eftirtaldir:

Þórarinn Rögnvaldsson	formaður bygginganefndar
Eiríkur J. Kerúlf	nefndarmaður
Úlfar Trausti Þórðarson	byggingafulltrúi

**Varðar:**

**Aðaluppdrætti fyrir Eyrarland í Fljótsdal, nýbygging.**

Byggingafulltrúa barst umsókn um byggingarleyfi frá Jóhanni Þorvarði Ingimarssyni kt. 080764-4649. Leyfinu fylgdu aðaluppdrættir af nýbyggingu að Eyrarlandi í Fljótsdal. Um er að ræða niðurrif á gömlu íbúðarhúsi, suður hluti hússins, steinhús frá 1939. Upprunalegur hönnuður þess er óþekktur. Árið 1997 var byggt við húsið og hönnuður þess var Björn Kristleifsson. Sótt er um leyfi fyrir nýbyggingu á sama stað og gamla húsið stóð. Nýbyggingin verður timburhús á tveimur hæðum. Sökkklar og neðri plata steinsteipt með hita í gólfplötu neðri hæðar og vatnsfönar á efri hæð. Sökkklar verða einangraðir með 50 mm steinull að utan og klætt með galvan blikki. Einangrun undir plötu 75 mm plasteinangrun sem lögð er niður á sökkla að innanverðu. Útveggir eru úr timburgrind 50 x 150 mm með 150 mm steinull og heilklætt með 9 mm krossviði að utan og lektað upp með 50 x 50 mm og standklætt með 25 x 125 mm + 25 x 50 mm listi yfir samskeytum. Þakvirkið er 50 x 200 mm sperrur, 200 mm einangrun, heilklætt með 25 x 150 mm timbri og klætt með bárujárni. Gluggar eru úr timbri. Heildarstærð neðri hæðar verður 165,5 m<sup>2</sup> samkvæmt skráningartöflu. Efri hæð nýbyggingar 75,9 m<sup>2</sup>. Birt flatamál eru 222,0 m<sup>2</sup> þar sem hluti af efri hæð er undir súð, 1,8 m lofthæð. Heildarrúmmál hússins er skráð 607,36 m<sup>3</sup>.

Bygginganefnd samþykkir aðaluppdrættina að sínu leyti með nokkrum athugasemdum og felur byggingarfulltrúa að fara yfir skráningatöflu ásamt öðru með hönnuðum. Byggingarleyfi verður væntanlega hægt að gefa út þegar endurútgæfnir aðaluppdrættir eru komnir til byggingarfulltrúa.

**Varðar:**

**Stálbúr yfir þrýstijöfnuastokk við Hólfsufs.**

Farið var í vettvangsferð að Hólfsufs í lok maí til að skoða verðandi öryggisbúr yfir þrýstijöfnuastokk. Pétur Ingólfsson lagði fram teikningar vegna búrsins fyrir hönd Landsvirkjun. Aðaluppistöður búrsins eru úr bendistáli S25 c/c 122 mm. Efst á búrinu er opnanleg rist úr S16 bendistáli með 100 mm möskva. Búrið verður spennt utanum núverandi tunnu með tveimur hringjum úr UNP 200 og festast lóðréttar stangir með klemmum við þá. Áætluð þyngd búrsins er um sex tonn.

Byggingarnefnd samþykkir tilkomu þessa öryggisbúr fyrir sitt leyti



### **Varðar:**

### **Gistihús og þjónustubyggingu við félagsheimilið Végarð í landi Valþjófsstaðar 1.**

Byggingarnefnd barst umsókn um byggingarleyfi ásamt aðaluppdrætti vegna gistihúss við félagsheimilið Végarð í Fljótsdal. Um er að ræða gistirými sem byggt er úr samsettum einingum sem áður stóðu á Hvammseyri og byggingarnefnd samþykkti teikningar á sínum tíma er varða húsin. Gistihúsið við Végarð verður þannig raðað upp að tveim lengjum af fimm eininga húsum er raðað saman í vinkil sem myndar innhorn á móti suðri. Um 86 m<sup>2</sup> tengibygging verður í miðjunni og tengir gistiálmurnar saman í horn. Aðalinngangur hússins verður um forstofueiningu sem stendur við hlið tengibyggingarinnar. Byggingin verður öll fest niður á staðsteiptan sökkul en manngengur kjallari verður undir hluta af húsinu og verður gengið inn í hann við gafl sem snýr að austri.

Burðarvirki útveggja í tengibyggingu er 145 mm timburgrind með 9 mm vindlokun og klætt með standandi timburklæðingu á loftað undirkerfi samsvarandi einingum. Útveggur er einangraður með 150 mm steinull. Að innan er skálinn klæddur með krossviðarplötum beint á burðarvirki og síðan með bandsöguðu lerki 18-22 mm þykku. Innveggir eru ómeðhöndlaðir viðarlitir. Skálinn er ókynntur að jafnaði og því ekki með rakavarnarlagi. Þak skálans er valmaþak. Burðarvirki þaks er miðjusúla úr tré, ómeðhöndlaður trjábolur úr Hallormsstaðaskógi. Í súluna er síðan festir burðarásar þaksins sem liggja út í úthorn skálans. Á milli burðarása og útveggja eru hefðbundnar þaksperrur. Einagrun þaks er 150 mm þakull og lofun þaks er 2 stk. 32 mm plaströr í hvert sperrubil við þakbrún og liggur loftrás að toppi þaks. Loft skálans er klætt að innan með óheflaðri bordaklæðingu. Gólf skálans er hellulagt með 400 x 400 mm steiptum hellum á þjöppuðu undirlagi. Heitur pottur og sauna er áætlað ofan við gistihúsið.

Stakt þjónustuhús verður staðsett neðan við gistihúsið í átt að Végarði.

### Stærð bygginganna:

Gistirými ásamt forstofu 332,3 m<sup>2</sup>, samanstendur af 11 einingum

Skáli (tengibygging) 91 m<sup>2</sup>

Kjallari 64,3 m<sup>2</sup>

Þjónustuhús 121 m<sup>2</sup>, samanstendur af fjórum einingum.

Birt flatarmál húsanna er 608,6 m<sup>2</sup>

Rúmmál húsanna er 1402,2 m<sup>3</sup>

Bygginganefnd samþykkir aðaluppdrættina að sínu leyti með þeim athugasemdum að fara verður yfir brunavarnir með slökkviliðstjóra ásamt öðru með hönnuðum og felur nefndin byggingarfulltrúa þá yfirferð. Byggingarleyfi verður væntanlega hægt að gefa út að því loknu.

Fleira ekki tekið fyrir á fundinum.